

Tillaga um breytingu á reglugerð um bikara á vegum BLÍ

Flutningsaðili: Stjórn BLÍ

Núverandi reglugerð

Reglugerð um bikara á vegum BLÍ

Allir bikarar á vegum BLÍ sem engin sérákvæði gilda um skulu falla undir þá reglu að þeir skulu vinnast til eignar ef:

- Sama lið vinnur hann þrisvar í röð.
- Sama lið vinnur hann fimm sinnum.

Reglugerðin verði:

Reglugerð um bikara á vegum BLÍ

Allir bikarar á vegum BLÍ, þ.m.t. í yngriflokkum skal keppt um þar til ekki er lengur pláss fyrir plötu með áritun. Það lið sem hampar bikarnum oftast skv. merkingum fær hann til eignar. Sé það lið ekki til lengur skal BLÍ varðveita bikarinn. Allar merkingar eru á ábyrgð þess sem vinnur ár hvert.

Greinargerð:

Á undanförunum árum hefur verðlaunakostnaður sambandsins verið verulegur og stór hluti vegna gildandi reglugerðar. BLÍ hefur þurft að horfa framhjá reglugerðinni t.d. vegna yngriflokka og þarf að reyna að fyrirbyggja slíkt með því að breyta reglugerðinni á þennan hátt